



Mikilvægi umferðaröryggisáætlunar fyrir minni sveitarfélög

Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri





UMFERÐARÖRYGGISÁÆTLUN GRINDAVÍKURBÆJAR

Október 2010

Grindavíkurbær | Umferðaröryggisáætlun

1

Grindavíkurbær gerir samning við Umferðarstofu

Fréttir / 12. nóvember 2009



Grindavíkurbær, Sandgerðisbær og sveitarfélögin Garður og Vogar undirrituðu samning við Umferðarstofu um að gerðar verði umferðaröryggisáætlanir í sveitarfélögunum. Það voru bæjarsjórarir Jóna Kristín Þorvaldsdóttir, Sigurður Valur Ásbjarnarson Ásmundur Friðriksson og Róbert Ragnarsson fyrir hönd sveitarfélaganna og Birgir Hákonarson framkvæmdastjóri umferðaröryggisviðs Umferðarstofu sem undirrituðu samningana.

Reykjanesbær gekk frá slíkum samningi fyrst sveitarfélaga í aprilmánuði síðastliðnum og eru öll sveitarfélög á svæðinu búin að ákveða að hefja vinnu við gerð slíkrar áætlunar. Markmiðið með þessu starfi er að fækka slysum og gera alla vinnu á sviði umferðaröryggis markvissari. Sérstök áhersla er lögð á umferð í íbúðahverfum og í nágrenni við leikskóla og grunnskóla. Einnig er lögð áhersla á að auka vitund almennings um málaflokkinn og nýta þeirra sjónarmið. Fyrir liggur að þetta starf getur dregið úr kostnaði og vonandi fækkað slysum.



1.1 Grindavíkurvegur (heyrir undir Vegagerðina)

- 1 **Þarf að taka veginn í gegn, breikka og malbika upp á nýtt.**
Svar Vegagerðarinnar: *Vegagerðin hefur undanfarin ár unnið að styrkingu axla á Grindavíkurvegi og malbiksyfirlögn. Grindavíkurvegur er á þeim köflum allt að nærri 9 m breiður. Áfram verður unnið að þessum endurbótum næstu ár.*
- 2 **Beygjur við Selháls eru slysapunktur.**
Svar Vegagerðarinnar: *Eftir er að laga axlir og malbika, sjá lið 1.1. Auk þess mun Vegagerðin huga sérstaklega að öryggissvæði Grindavíkurvegar.*
- 3 **Axlir eru sprungnar, gætu verið slysaástandur.**
Svar Vegagerðarinnar: *Sjá svar að ofan.*
- 4 **Þarf lýsingu við Grindavíkurveg.**
Svar Vegagerðarinnar: *Það er ekki á áætlunum Vegagerðarinnar að lýsa Grindavíkurveg. Áhersla Vegagerðarinnar er frekar á að lýsa vegmót sérstaklega.*
- 5 **Hvar á að tengja Grindavíkurveg við Selskóg?**
Svar Vegagerðarinnar: *Vegagerðin er sammála því að þessi tenging er á slæmum stað og tekur vel í að finna henni nýjan og öruggari stað.*
- 6 **Þarf að beita sér fyrir eftirfarandi: Hvaða áhrif hefur veður á Grindavíkurvegi, t.d. myndast einungis kuldapollur/frost við Seltjörn. Leiðinleg beygja á sama stað. Hnitaskráning slysa er ekki regla hjá lögreglunni á Suðurnesjum. Hraðaeftirliti er ábótavant.**
Svar Vegagerðarinnar: *Grindavíkurvegur er í þjónustuflokki 1. Vegagerðinni er kunnugt um að mörg óhöpp á Grindavíkurvegi verða þegar hálka eða ísing er á veginum. Sérstaklega verður fylgst með að þjónustuaðilar bregðist við tímanlega þegar slíkt ástand er væntanlegt.*
- 7 **Hjólreiðamenn - hvar eiga þeir að vera á leið til og frá Bláa lóni (riffur)?**
Svar Vegagerðarinnar: *Riffur verða héðan í frá utan akbrautar, það er niðurstaða tilrauna. Enginn hjólreiðastígur er á áætlunum Vegagerðarinnar meðfram Grindavíkurvegi.*
- 8 **Bæta þarf söltun og vetrarþjónustu.**
Svar Vegagerðarinnar: *Svar Vegagerðarinnar: Grindavíkurvegur er í þjónustuflokki 1. Vegagerðinni er kunnugt um að mörg óhöpp á Grindavíkurvegi verða þegar hálka eða ísing er á veginum. Sérstaklega verður fylgst með að þjónustuaðilar bregðist við tímanlega þegar slíkt ástand er væntanlegt.*

Fréttir



Mynd úr safni.

Þriðjudagur 27. nóvember 2012 kl. 12:45

Hrina umferðaróhoppa í hálkunni

Mörg umferðaróhöpp hafa orðið á Suðurnesjum á undanförmum dögum, sem flest hafa orðið vegna hálku. Ökumaður missti stjórn á bifreið sinni á Grindavíkurvegi með þeim afleiðingum að hún hafnaði skilti utan vegar. Önnur bifreið hafnaði á kantsteini af sömu sökum og urðu skemmdir á hjólabúnaði hennar.

Á Reykjanesbraut missti ökumaður stjórn á bifreið sinni vegna hálku og hafnaði bifreiðin utan vegar eftir að hafa rekist utan í aðra bifreið. Fjóruðu bifreiðinni var ekið á ljósastaur á Grænásvegi. Auk þessa varð minni háttar árekstur í Njarðvík í gær og tilkynnt var til lögreglu um skemmdir á bifreið eftir að ekið hafði verið utan í hana. Sá sem þeim olli lét sig hverfa af vettvangi.





Bætt lýsing milli Hópsskóla og íþróttamiðstöðvar

Í haust hefur verið unnið að bættri lýsingu á milli Hópsskóla og íþróttamiðstöðvar og sundlaugar en nemendur skólans fara þarna á milli í íþróttir og sund og á leið í skóla. Ráðist var í þessar framkvæmdir í kjölfar samráðs við nemendur Hópsskóla og ábendingar frá starfsmannafundi Grindavíkurbæjar.

Unnið að auknu umferðaröryggi

Eins og bæjarbúar hafa tekið eftir undanfarnar vikur hefur verið unnið að framkvæmdum við tvær innkomuleiðir í bæinn, annars vegar við Grindavíkurveg og hins vegar við Austurveg. Framkvæmdirnar eru samkvæmt umferðaröryggisáætlun Grindavíkurbæjar og miða að því að auka öryggi yngstu vegfarenda, sérstaklega skólabarna enda byggja framkvæmdirnar aðallega á íbendingum þeirra eftir að þau teiknuðu sínar helstu gönguleiðir í Hópsskóla inn á kort á fundi með bæjarstjóra og tæknideild.

Þar sem nýr Suðurstrandarvegur er kominn í gægnið má búast við aukinni umferð til Grindavíkur. Eftir að Hópsskóli var tekin í notkun fyrir 1.-3. bekk hafa gönguleiðir skólabarnanna í bænum tekið breytingum. Eftir fundina með knúttunum kom í ljós að bæna þurfti umferðaröryggis þeirra. Þegar er búð að breyðast við því. Sem dæmi er nýbúð er að lýsa upp gönguleiðina frá Hópsskóla að sundlaug og íþróttahúsi eins og kemur fram annars staðar á síðunni.

Búð er að setja upp tvær gangbrautir við Austurveg, annars vegar fyrir framan kirkjuna og hins vegar fyrir framan Gula húsið og verður rofið gar í girðingu við íþróttasvæðið til að stytta gönguleiðina í Hópsskóla og gera hana öruggari. Þá voru settar þveranir og gangbrautir með miðeyju á Grindavíkurvegi, nálægt gatnamótum Hópsskóla og Suðurbópsbrautar. Jafnframt voru settir nýir stígar við Kúadal fyrir gangandi vegfarendur sem leiða að gangbrautumum. Auk þess verður sett bæjarhlöð við innkomuna í bæinn á Grindavíkurveginum, skammti sunnan við Nesveg. Einnig verður sett svipað hlöð á Austurveg.



Unnið að malbikarframkvæmdum við göngustíginn í Kúadal.



Framkvæmdir við Suðurbópsbraut.



Tvær nýjar gangbrautir verða við Austurveg.

2010

10 Hópskóli: Þarf að huga að gönguleiðum í Hópskóla, t.d. yfir Grindavíkurvegin en þar vantar göng eða aðra úrlausn fyrir nemendur sem fara þar yfir. Þarf að gera í samvinnu við Vegagerðina sem ber stærsta hluta kostnaðarins.
 Svar Vegagerðarinnar: Vegagerðin og Grindavíkurbær þyrftu að setjast yfir þetta mál sérstaklega og komast að sameiginlegri niðurstöðu. Mikið hefur verið rætt um kosti og ókosti undirganga á fundum samráðshópsins. Þær umræður verða ekki frekar tíundaðar hér en skoðanir aðila liggja fyrir og á grundvelli þeirra hægt að leiða málið til lykta.

11 Mikil slyshætta er í kringum Hópskóla þar sem gönguleiðir krakkanna í skólann eru ekki nógu sýnilegar/skipulegar, þau eru að skjótast inn um alla bílana, það vantar gangbraut eða ljós við skólann til þess að gera aðgengið miklu mun sýnilegra og til að minnka slyshættu. Mikilvægt að fá nemendurna að borðinu og fá þau til þess að benda á hvaða leiðir þau ganga raunverulega í skólann til þess að raunverulega mynd af ástandinu.
 Kostnaðaráætlun: 1.200.000 kr.

2019

Frankvæmdum við undirgöng miðar vel


Fréttir / 5. september 2019



20

2011

Unnið að Umferðaröryggisáætlun



Gangbraut með miðeyju.

Öryggi gangandi vegfarenda, sérstaklega skólabarna sem fara gangandi í Hópskóla vestan Grindavíkurvegar, mun aukast til mikilla muna fyrir næsta skólaár.

Nú stendur yfir undirbúningur á vegum tæknileikar þar sem settar verða þveranir og gangbrautir (með miðeyju) á Grindavíkurveg, nálægt gatnamótum Hópsbrautar og Suðurhópsbrautar.

Jafnframt verða settir nýir stígar við Kúadal fyrir gangandi vegfarendur sem leiða að gangbrautunum en göðar ábendingar komu fram á fundi nemenda Hópskóla með bæjarstjóra þar sem krakkarnir voru spurðir út í gönguleiðir þeirra í skólann. Auk þess verður sett þarjarhlíð við innkomuna í bæinn á Grindavíkurveginum, skammt sunnan við Nesveg. Einnig verður sett svípað hlið á Austurveg.

Þessi vinna er í samræmi við Umferðaröryggisáætlun Grindavíkurbæjar.





Umferðaröryggisáætlun tókst vel

Ó hætt er að segja að Umferðaröryggisáætlun Grindavíkurbæjar sem unnin var fyrir fjórum árum hafi tekist vel því flest af þeim verkefnum sem þar voru á lista og forgangsraðað hefur verið hrint í framkvæmd. Vegagerðin, Samgöngustofa og Samtök tæknimanna sveitarfélaga hafa fengið kynningar á því hvernig Grindavík hefur staðið að þessum málum en sveitarfélagið hefur þótt í fararbroddi í þeim efnum. Er þegar farið að huga að því að endurnýja áætlunina.

Þér verður farið yfir umferðaröryggisáætlun Grindavíkurbæjar:

Ferillinn

Á 39. fundi Bajarstjórnar Grindavíkur miðvikudaginn 11. nóvember 2009 var samþykktur samstarfsáætlun Grindavíkurbæjar og Umferðarstofu. Í bókun bjarstjórnar sagði:

„Tillaga Bajarstjórnar Grindavíkur samþykkir að skerja undir samstarfsáætlun við Umferðarstofu um umferðaröryggisáætlun sem miðar að auknu umferðaröryggi í bæjarfélaginu og miðar í því sambandi virkja sem fjöta huganannsóku til þátttöku. Upplýsinga- og þróunarfulltrúi felið að framfjölga samningum í samstarfi tæknimanna og aðra er málþingur verður. Bajarstjórn felið að undirrita samninginn. Tillaga er samþykkt samþykka.“

Í kjölfarið hóf upplýsinga- og þróunarfulltrúi að undirbúa verkefnið. Í upphafi var ákveðið að tímalauna verkefnisins yrði eftirfarandi (2010):

1. Gröf vinna úr tölfræði og slyskortum. *Jan./febr.*
2. Trygja samstarf við lögreglu, Vegagerð og sveitarfélögin á Suðurnesjum. *Jan./febr.*
3. Stofna samráðshóp. 2-3 fundir. *Mars.*
4. Íbúafundur. *Apríl*
5. Tímáætlun og forgangsraðun. *Apríl*
6. Lokafrágangur umferðaröryggisá. *Mai/júní*
7. Samþykkt umferðaröryggisá. *Agúst/sept.*
8. Kynning. *Sept./okt.*
9. Eftirfylgni til 2014

Fyrsti fundur samráðshóps 11. mars 2010. Þar sátu fulltrúi frá lögreglu, Vegagerðinni, formaður skipulags- og byggingarnefndar, sviðsstjóri tæknisviðs, formenn foreldrafélaga leikskóla og grunnskóla, hafnarmannar, Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja, þjónustuveitarnar Þorbjarnar, Íþróttahreyfingarinnar, fulltrúi ökuennara og tryggingafélaga. Á þeim fundi var m.a. farið yfir skipulag verkefnisins, farið yfir fyrirliggjandi slyskort og gögn sem voru fyrir hendi, m.a. frá verkefniðstöfunni Þvegi sem hún hafi unnið nokkrum árum áður um umferðaröryggi.

Annar fundur nefndarinnar var haldinn 22. mars en þar þar m.a. undirbúinn íbúafundur. Jafnframt var farið yfir gögn frá Umferðarstofu sem liggja til grundvallar umferðaröryggisáætlunar sveitarfélaga.

Íbúafundur um umferðaröryggismál var svo haldinn í Kvíkunni fimmtudaginn 28. apríl 2010 kl. 17:00. Fundinn opnaði formaður bæjarráðs, Þorsteinn Gunnarsson, upplýsinga- og þróunarfulltrúi fór yfir verkefnið og útskýrði



Göngubeatir

Ó hætt er að segja að Umferðaröryggisáætlun Grindavíkurbæjar sem unnin var fyrir fjórum árum hafi tekist vel því flest af þeim verkefnum sem þar voru á lista og forgangsraðað hefur verið hrint í framkvæmd. Vegagerðin, Samgöngustofa og Samtök tæknimanna sveitarfélaga hafa fengið kynningar á því hvernig Grindavík hefur staðið að þessum málum en sveitarfélagið hefur þótt í fararbroddi í þeim efnum. Er þegar farið að huga að því að endurnýja áætlunina.

Þér verður farið yfir umferðaröryggisáætlun Grindavíkurbæjar:

hvað felist í umferðaröryggisáætlun. Grétarsson, verkfræðingur hjá Vegagerð for yfir Grindavíkurveg. Björk Guðmundsdóttir, landslagsarkitekt hjá Forma, for yfir bætur í Grindavík og Sigurður Ágúst yfir lögregluþjónn fjallaði um umferðaröryggi. Að lokum var höpavina.

Mæting á íbúafundinum var ágæt. Fundarnum var skipað niður í fjóra hópa eftir áhugasviðum:

1. Umferð og bætur við skóla/leikskóla/íþróttamannavirkni - Hópstjóri: Þorsteinn
2. Grindavíkurvegur - Hópstjóri: Baldur
3. Hættuleg gatnamót - Hópstjóri: Sigurður
4. Gönguleiðir / reiðleiðir / útivistarsvæði - Hópstjóri: Ingvar

Að lokum fóru svo hópstjórar yfir helstu niðurstöður höpanna.

Á fundinum komu m.a. fram miklar áhyggjur af Grindavíkurvegi en þar fara um fjögur þúsund bílar í sólahring enda stærsti ferðamanna- staður landsins í landi Grindavíkur. Vegurinn var að mati fundarmanna of þróingur, enda barn síns tíma, og illa farinn á köflum en þrátt fyrir það er mikill hraðakstur miðað við síðustu mælingar.

Eftir íbúafundinn lágu fyrir talssvör gögn og ýmsar hugmyndir að bættu umferðaröryggi í Grindavík. Upplýsinga- og þróunarfulltrúi tók að sér að taka gögnin saman, flokka þau niður og forgangsraða samkvæmt handbók Umferðarstofu en þar var gert ráð fyrir fjórum flokkum. Í ljósi umræðunnar á íbúafundinum var hins vegar ákveðið að bæta fimmta

2. Verkinum sem eru líkleg til að draga úr samfélagslegum kostnaði.

4. Verkefni sem eru líkleg til að draga úr samfélagslegum kostnaði.

5. Smærri verkefni sem eru þó mikilvæg fyrir íbúa sveitarfélagsins.

Tæknidæld bæjarins áætlaði kostnað fyrir einstaka verkefni og sendar voru fyrirsparni til Vegagerðarinnar sem sneri að Grindavíkurvegi sem hún svaraði ítarlega sem var nauðsynlegt innlegg í áætlunina.

Fyrstu drög að Umferðaröryggisáætlun Grindavíkurbæjar voru send úr til úmsagnar nefndarmanna 13. júlí 2010. Þriðji fundur samráðshóps haldinn 14. sept. þar sem áætlunin var rýnd, gerðar ýmsar berytingar og öðru bætt inn í. Í kjölfarið var útbúið lokaáætla. Umferðaröryggisáætlunin og hún send úr til yfirlestrar 29. sept. 2010. Eftir að lokaáætlunin var búst var hún send fullkæruð til bæjarstjórnar þar sem hún var samþykkt formlega.

Tilgangurinn og framhaldnið
Í innangangi skýrslunnar sagði m.a. um tilgang umferðaröryggisáætlunar:

„Líta ber á umferðaröryggisáætlunina sem leiðbeiningar frá spórnvísni og ráðgjöfnum sveitarfélagsins. Þannig fá bæjarfulltrúar gisla innviða í stölu-

Markmiðið að auka umferðaröryggi og fækka umferðarslysum

Fréttir / 14. janúar 2015



2014 Ný áætlun



Umferðaröryggisáætlun Grindavíkurbæjar 2014-2017

1.1 Grindavíkurvegur, Suðurstrandavegur og Nesvegur (heyrir undir Vegagerðina)

- A. Athuga þarf að setja lýsning við fjölförmostu gatnamótin; við Grindavíkurveg og Norðurljósaveg, þar sem beygt er inn á veginn í Bláa Lónið.
- B. Breikka þarf Grindavíkurvegin, hann er barn síns tíma, hættulegur þegar tvær rútur mætast.
- C. Vegurinn liggur um vatnsverndarsvæði. Heilbrigðiseftirlitið vill aðgreina akstursstefnur, með því að setja vegrið, og skipta um jarðveg í kantinum.
- D. Frostlyfting á veginum er mikil. Þungaflutningar hafa aukist, um 650 þúsund gestir fara í Bláa Lónið. Þetta kallar á endurbætur á veginum og auknið viðhald.
- E. Vetrarþjónusta ekki nógu góð á Grindavíkurvegi.
- F. Vetrarþjónusta er ekki nógu góð á Suðurstrandarvegi. Vantar meiri tíðni snjómoksturs. Dugir ekki að moka 1-2 í viku.
- G. Þarf að laga Nesveg, hann er bæði hlykkjöttur og mis hæðöttur og farinn að láta á sjá. Miklir þungaflutningar eru á veginum, meira en hann er hannaður fyrir.
- H. Þarf nauðsynlega að malbika Sjávarbraut, vegaslóðann frá Nesvegi að Garðvegur.
- I. Innkoman í bæinn er hættuleg, eins og hlykkurinn þegar ekið er framhjá eyjum.
- J. Klára þarf göngu- og hjólréiðastíg meðfram Grindavíkurvegi að Reykjanesbraut. Gríðarlega mikilvægt að auka umferðaröryggi á Grindavíkurvegi með þessum hætti. Búið að leggja fyrir Vegagerðina að gera í 4 áföngum, til ársins 2016.

Tveir mánuðir milli banaslysa á sama vegarkafli

Mikil sorg í Grindavík: Vegurinn á lista yfir áhættumestu vegi landsins

Margoft krafist úrbóta á Grindavíkurvegi

Pórgnýr Einar Albertsson skrifar · 13. janúar 2017 07:00

Líkar þetta 0



Banaslys varð á Grindavíkurvegi, rétt norðan við afleggjarann að Bláa lóninu.

LOFTMYNDIR.IS

Fréttir



Starfsmenn og tæki verktaka verða að vinna mjög nálægt akbrautum en takmarka þarf breidd þeirra á framkvæmdatíma. VF-mynd: Hilmar Bragi



Hilmar Bragi Bårdarson skrifar
Þriðjudaginn 9. júlí 2019 kl. 13:48

Breikka og endurbæta Grindavíkurveg

Nú eru að hefjast framkvæmdir við breikkun og endurbætur á Grindavíkurvegi á tveimur aðskildum vegköflum. Annar kafli hefst við Seltjörn en hinn við gatnamót hjá Bláalónsvegi. Hvor vegkafli er tæplega 2 km. Verklök eru áætluð 1. nóvember 2019.

Framkvæmdasvæði verktaka á nyrðri vegkafli hefst við gatnamót hjá Seltjörn og verkmörk á syðri vegkafli framkvæmda eru við gatnamót hjá Bláalónsvegi. Hvor vegkafli er tæplega tveir km að lengd.

Framkvæmdum er skipt upp í nokkra áfanga og unnið verður við hlið annarrar akreinar vegar í einu á afmörkuðu svæði. Þrengt verður að umferð ökutækja í gegnum vinnusvæði vegar og hámarkshraði lækkaður á meðan á framkvæmdum stendur.

Viðeigandi vinnusvæðamerkingar eru uppsettar meðan á framkvæmd stendur, samkvæmt samþykktri merkingaráætlun.


Vegfarendur eru beðnir um að virða merkingar, - hraðatakmarkanir og sýna aðgát við akstur í gegnum vinnusvæði. Starfsmenn og tæki verktaka verða að vinna mjög nálægt akbrautum en takmarka þarf breidd þeirra á framkvæmdatíma.



Umferðar-
öryggisáætlun
Skútustaðahrepps



5 skref Umferðaröryggisáætlunar



Sveitarstjórn

- Umferðaröryggisáætlanir sveitarfélaga miða að því að auka vitund um umferðaröryggismál meðal forráðamanna sveitarfélaga og almennings.
- Í því felst að greina stöðuna, finna slysastaði, setja sér markmið og gera aðgerðaráætlun.
- Tilgangurinn er að stuðla að skilvirkari forgangsröðun verkefna í umferðaröryggismálum.



Banaslys á Kísilvegi milli Mývatns og Húsavíkur



Setja bókamerki

Banaslys varð á Kísilvegi á Hólasandi, milli Mývatns og Húsavíkur, eftir árekesturs fólksbíls og jeppa á blindhæð en lögreglan á Húsavík fékk tilkynningu um umferðarslysið klukkan 18:16. Ökumaður fólksbílsins lést en farþegar í fólksbílnum, kona og barn auk ökumanns jeppans, voru fluttir á sjúkrahús, fyrst til Húsavíkur og svo til Akureyrar. Sjúkrabíll, læknir, lögregla og björgunarsveit úr Mývatnssveit fóru á slysstað. Að sögn lögreglu stendur enn þá yfir vinna á vettvangi. Talið er að maðurinn hafi látið lífið en talið er að fó

Harður árekestur í Mývatnssveit

© 19. maí 2006 15:41



Harður árekestur var á þjóðveginum við gömlu Kísilöjuna við Mývatn á þriðja tímanum í dag. Tíldrög slyssins eru óljós en annar bílanna valt við árekesturinn en hinn fór út af veginum. Ekki munu hafa oróið alvarleg slys á fólki en lögregla er nú á vettvangi. Fyrr í dag var björgunarsveitin Stefán í Mývatnssveit var kölluð út vegna útlendinga sem fest höfðu bíl sinn við gatnamót Dettifossvegur og Hringvegarins. Eins og fram hefur komið í fréttum hefur snjóá á þessum slóðum síðasta sólarhringinn og færð því versnað nokkuð. Ekkert amaði þó að fólkinu þegar sveitin kom á vettvang.

1. ágúst 1995 | Innlendar fréttir | 84 orð

Bílslys í Mývatnssveit

HARÐUR árekestur varð á afleggjaranum að bænum Heiði í Mývatnssveit um tvöleitið á laugardag. Tveir bílar sem voru að mætast lentu saman uppi á blindhæð. Þrír voru fluttir undir læknishendur, tveir til Húsavíkur og einn til Akureyrar. Meiðsl voru ekki talin alvarleg. Bílarnir eru báðir ónýtir.

Bílslys í Mývatnssveit HARÐUR árekestur varð á afleggjaranum að bænum Heiði í Mývatnssveit um tvöleitið á laugardag. Tveir bílar sem voru að mætast lentu saman uppi á blindhæð.

Þrír voru fluttir undir læknishendur, tveir til Húsavíkur og einn til Akureyrar. Meiðsl voru ekki talin alvarleg. Bílarnir eru báðir ónýtir. Lögreglunni á Húsavík var um sexleitið á föstudagskvöld tilkynnt um að þjóðverji hefði dottið af mótörhjólí við Ísólfsvatn efst í Bárðardal. Maðurinn var fluttur á sjúkrahús á Akureyri en fékk að fara að skoðun lokinni.



Samgöngustofa er með Kolbrún G. Þorsteinsdóttir og Þorsteinn Gunnarsson.

12. október 2018 · 🌐

Nú hafa Samgöngustofa og Skútustaðahreppur gert með sér samning um gerð umferðaröryggisáætlunar sem miðar að því að auka vitund um umferðaröryggismál meðal forráðamanna sveitarfélagsins og almennings. Í því felst að greina stöðuna, finna slysaáætla, setja sér markmið og gera aðgerðaráætlun. Hér má sjá Þorstein Gunnarsson, sveitarstjóra í Skútustaðahreppi og Kolbrúnu Guðnýju Þorsteinsdóttur, sérfræðing í öryggis- og fræðsludeild Samgöngustofu við undirritun samningsins.



👍 Þú og 22 til viðbótar


2 ummæli

👍 Líkar þetta

💬 Skrifa ummæli


🔄 Deila

Mest viðeigandi ▾



Samráðshópur:

- Skútustaðahreppur – Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri – verkefnisstjóri
- Vegagerðin – Heimir Gunnarsson & Margrét Silja Þorkelsdóttir
- Brunavarnir- Lárus Björnsson
- Lögregla – Hreiðar Hreiðarsson
- Björgunarsveitin Stefán – Pétur Bjarni Gíslason
- Skipulagsnefnd – Selma Dröfn Ásmundsdóttir
- Heilsugæslan - Kristveig Halla Guðmundsdóttir
- Reykjahlíðarskóli - Sólveig Jónsdóttir
- Skipulagsfulltrúi – Guðjón Vésteinsson
- Fulltrúi bænda - Sigurður Guðni Böðvarsson
- Gámabjónustan – Helgi Pálsson
- Skólabílstjórar – Egill Freysteinnsson & Sæmundur Þór Sigurðsson
- Mývetningur, Íbrótta- og ungmennafélag – Kristinn Haraldsson
- Foreldrafélag grunnskóla og leikskóla – Sýlvía Ósk Sigurðardóttir
- Félag eldri Mývetninga – Birkir Fanndal
- Fulltrúar sveitarstjórnar – Helgi Héðinsson og Halldór Þ. Sigurðsson.



Áætlun og forgangsröðun

Forgangsröðun verkefna er skilgreind með eftirfarandi hætti:

- 1) Verkefni sem eru skilvirk og skila strax árangri.
- 2) Verkefni sem eru líkleg til að draga úr samfélagslegum kostnaði.
- 3) Verkefni til lengri tíma sem eru þó mikilvæg fyrir íbúa sveitarfélagsins.

Þjóðvegurinn í kringum Mývatn

Forgangsatriði er að leggja göngu- og hjólréiðastig hringinn í kringum Mývatn. Fyrsti áfangi yrði frá Reykjahlíð að afreini við Dimmuborgir. Umferðartölur sýna að mesta álagið á þeim kafla. Þá er umferðaröryggi við Skútustaði verulega ábótavant. Fjölga þarf útskotum og lagfæra þjóðveginn á köflum.

For-Gangur	Verkefni	Áætlaður kostn.	Ábm.
1	Gera göngu- og hjólréiðastig umhverfis Mývatn í áföngum til að bæta öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda. 1. áfangi Reykjahlíð-Vogar 2019/2020 og Vogar/Dimmuborgir 2021/2022	Vegagerð 160 m.kr. Sveitarfélagið 48 m.kr.	Sveitarfélagið
1	Bæta umferðaröryggi við Skútustaði, þ.e. frá Dagmálaborg að Álftagarði, þar er ástandið alvarlegt eins og hraðamælingar Vegagerðarinnar sýna. Mikilvægt að færa veginn norður í framtíðinni.	Í vinnslu	Vegagerðin
1	Fjölga útskotum á helstu stöðum til að bæta umferðaröryggi þar sem augljóst er að bílum er lagt í dag. Forgangsraða útskotum.	Í vinnslu	Vegagerðin
1	Almennur umferðarhraði á þjóðveginum er 90 km. Leiðbeinandi hraði verði hins vegar 70 þar sem vegurinn er varasamur m.t.t. Öryggis og slys hafa verið algeng. Setja upp skilti.	Í vinnslu	Vegagerðin
1	Lagfæra öldur og óslettur á þjóðveginum sem er orðinn illa farinn, taka hann upp á köflum og lagfæra hættulegar blindbeygur.	Í vinnslu	Vegagerðin
2	Bæta vetrarþjónustu, sanda þekkt hálkusvæði og hefja mokstur fyrr á morgnana.	Í vinnslu	Vegagerðin
2	Setja tímabundnar merkingar á varptíma fugla.	Í vinnslu	Vegagerðin



Göngu- og hjólastígur við Mývatn

Fréttir / 5. júní 2019



Skútustaðahreppur óskar eftir tilboðum í jarðvegsskipti í stig (án jöfnunarlags og malbiks) með fláum og skeringum, lagningu ræsa, að fjarlægja og endurnýja girðingar ásamt fleiru. Heildarlengd stigs er um 2700 m.

Helstu magntölur:

Uppúrtekt	um 5.000 m ³
Styrktarlag, unnin klöpp 0/63	um 2.000 m ³
Styrktarlag, mól úr námu 0/200	um 4.000 m ³
Ræsi	um 10 stk
Girðingar	um 300 m

Verkinu skal að fullu lokið fyrir 15. október 2019.

Útboðsgögn verða afhent rafrænt frá 7. júní 2019. Til að fá útboðsgögn þarf að senda upplýsingar um nafn fyrirtækis, forráðamann, netfang og síma á netfangið skutustadahreppur@skutustadahreppur.is. Tilboðum skal skila á Skrifstofu Skútustadahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn eigi síðar en föstudaginn 21. júní kl. 11:00 og verða þau þá opnuð að viðstöddum þeim þjóðendum, eða fulltrúum þeirra, sem þess óska.

Skútustaðahreppur

Umferðaröryggissjóður
Vegagerðarinnar
> Umferðaröryggisáætlunin
mjög mikilvæg

Héraðsvegir

Gera þarf verulega átak í að lagfæra héraðsvegi í sveitarfélaginu, t.d. með bundnu slitlagi, því ástand þeirra er víðast hvar mjög bágborið. Ástandið er slæmt eins og á Baldursheimsvegi, Stangarvegi, Heiðarvegi, Haganesi, Neslöndum og Grænavatni.

For-gangur	Verkefni	Áætlaður kostn.	Ábm.
1	Lagfæra héraðsvegi með því að leggja bundið slitlag, til vara að setja reglulega efni í þá. Við það leysast flest vandamál sem getið er hér að neðan.	í vinnslu	Vegagerðin
1	Hefla héraðsvegi mun oftar í samráði við ábúendur.	í vinnslu	Vegagerðin
1	Hreinsa betur snjó við gatnamót heimreiða að vetri svo skólabíll hafi meira pláss vegna annarar umferðar á þjóðvegnum.	í vinnslu	Vegagerðin / Sveitarfélagið
1	Bæta snjómokstur og ekki á að þurfa að óska sérstaklega eftir honum.	í vinnslu	Vegagerðin
2	Lagfæra vegstikur. Bæta vegaxlir og afreinar.	í vinnslu	Vegagerðin
2	Setja betingunni á heimreiðar þar sem þörfin er.	í vinnslu	Vegagerðin
2	Þarþunga til að meta þjónustupörfina.	í vinnslu	Vegagerðin



Reykjahlíðarþorp

Umferðaröryggi barna er í algjörum forgangi og sérstaklega gönguleið í skólann og á milli skóla/leikskóla og íþróttahúss. Mikilvægt er að aðgengi gangandi vegfarenda að skólanum verði lagfært og huga þarf að betra skipulagi hvað varðar göngustíg frá Hlíðavegi/Múlavegi og að skólanum. Mikilvægt er að skipuleggja umferð í kringum verslunina við þjóðveginn því þar er mikið umferðaröngþveiti á sumrin og mikilvægt er að losna við bensindælur af vatnsbakkanum.

For-gangur	Verkefni	Áætlaður kostn.	Ábm.
1	Bæta umferðaröryggi og sérstaklega gangandi vegfarenda, ekki síst skólabarna, vegna aðkomu að Reykjahlíðarskóla, leikskóla og íþróttamannvirkja, frá Hlíðavegi/Múlavegi og almennar gönguleiðir í Reykjahlíð. Einnig bæta öryggi nemenda sem ganga á milli skóla og íþróttahúss.	15 m.kr.	Sveitarfélagið
1	Umferð þungaflokkna og stærri bíla um þorpið verði takmörkuð með merkingum/þrengingum nema fyrir þjónustuaðila.	100 þ.kr.	Sveitarfélagið
1	Bæta lýsingu, sérstaklega við skólann. Lagfæra lýsingu fyrir börn sem koma úr leikskóla/grunnskóla í íþróttahús.	2,5 m.kr.	Sveitarfélagið
1	Mála og merkja gangbrautir, miðlínur og bílastæði.	1 m.kr.	Sveitarfélagið
1	Setja upp mælitaeki við Hlíðaveg sem sýnir ökuhraða viðkomandi ökumanna til áminningar.	1 m.kr.	Sveitarfélagið

1	Deiliskipuleggja reitinn við verslunina við þjóðveginn vegna umferðaröngþveitis þar sem horft er til framtíðar. Sérstaklega verði horft til þess að auka öryggi gangandi vegfarenda frá og að verslun. Bensindælur verði fjarlægðar sem fyrst og komið fyrir fjær Mývatni.	2 m.kr.	Sveitarfélagið
2	Auka fræðslu til íbúa um endurskinsmerki á börn og fullorðna, vistakstur og almennt umferðaröryggi	100 þ.kr.	Sveitarfélagið
2	Bæta merkingar fyrir gangandi vegfarendur.	1 m.kr.	Sveitarfélagið
2	Malbika göngustíg neðst frá Hlíðavegi og meðfram þjóðvegnum að Icelandair hótelinu.	7 m.kr.	Sveitarfélagið /Vegagerðin
2	Tryggt verði í snjómokstri að ekki myndist ruðningar til að tryggja öryggi barna.	Samkv. samningi við verkataka	Sveitarfélagið
3	Setja prik á alla brunahana svo þeir sjást í ruðningum.	100 þ.kr.	Sveitarfélagið
3	Útanvegagöngustigar milli gatna í þorpinu verði merktir og bættir.	100 þ.kr.	Sveitarfélagið
3	Hugað verði að nýrri aðkomu að Reykjahlíðarkirkju.	í skoðun	Sveitarfélagið /sóknarnefnd

Helstu ferðamannastaðir í Mývatnssveit

Umferðaröryggi gangandi vegfarenda séi í forgangi við helstu ferðamannastaði, bæta þarf aðkomu að ferðamannastöðum frá þjóðvegi, efla vetrarþjónustu til mikilla muna og bæta merkingar.

For-gangur	Verkefni	Áætlaður kostn.	Ábm.
1	Klára þarf Dettifosveg norður í Ásbyrgi sem fyrst og bæta vetrarþjónustu til mikilla muna.	í vinnslu	Vegagerðin
1	Endurskipuleggja og hanna aðkomu við Skútustaði og Skútustaðagíga til að bæta umferðaröryggi, t.d. með merkttri og upplýstri gangbraut.	í vinnslu	Vegagerðin
1	Endurskipuleggja aðkomu að Hverunum vegna mikillar umferðarhættu. Hverasvæðið þarf að taka í gegn, lagfæra aðkomu og merkja betur.	í vinnslu	Landeigendur /Vegagerðin
1	Bæta snjómoksturs- og vetrarþjónustu á helstu ferðamannastöðum.	í vinnslu	Sveitarfélagið / Vegagerðin
1	Byggja upp veg að Hverfjalli og bæta vetrarþjónustu. Setja útskot með bílastæðum við þjóðveginn við Hverfjallsveg en slíkt gæti reynt óþarfi að vegurinn að Hverfjalli er í lagi.	í vinnslu	Vegagerðin / landeigendur
2	Bæta aðgengi, göngustíga og bílastæði að Höfða í tengslum við gerð deiliskipulags.	í vinnslu	Sveitarfélagið
2	Endurskoða aðstöðu fyrir bíla við Leirhnjúk. Skoða að setja bílaplan fyrir neðan brekkuna.	í vinnslu	Vegagerðin / Landsvirkjun
3	Endurskoða gatnamót Kröfluvegar við Hringveg vegna erfiðrar sýnar fyrir ökumenn frá Kröfluvegi til austurs.	í vinnslu	Vegagerðin
3	Hefla Öskjuveg oftar á sumrin og bera oftar slitlag ofan í. Bæta merkingar, sérstaklega vaðið við Lindá.	í vinnslu	Vegagerðin

Austurlandsvegur og Hólasandur

Þjóðvegur 1 í gegnum Námaskarð er helsti flöskuhálsinn í dag yfir vetrartímann og slysakort sýna háa tíðni umferðarslysa, sérstaklega yfir vetrartímann. Taka þarf þjóðveg 1 frá Reykjahlíðarþorpi og yfir Námaskarð og austur að Jökulsárbrú í gegn, vegurinn er of mjór og styrkja þarf vegaxlir.

For-gangur	Verkefni	Áætlaður kostn.	Ábm.
1	Endurskoða hönnun vegarins í gegnum Námaskarð vegna tíðra slysa.	í vinnslu	Vegagerðin
1	Lagfæra útskot með bílastæðum við Bjarnarflagslón vegna umferðaröngþveitis þegar ferðamenn stöðva bíla sína við þjóðveginn.	í vinnslu	Vegagerðin
1	Gera framhjálaup við Jarðbaðsafleggjara.	í vinnslu	Vegagerðin
1	Auka vetrarþjónustu á Hólasandsvegi til muna.	í vinnslu	Vegagerðin
1	Bæta merkingar við gatnamót við Þjarg í tengslum við breytingar á gatnamótunum.	í vinnslu	Vegagerðin
2	Lækka hámarkshraða á Austurlandsvegi fram yfir Kröfluveg niður í 70 km. Til vara verði leiðbeinandi hraði 70 km.	í vinnslu	Vegagerðin
2	Grjóthreinsa vegaxlir reglulega og gæta þess að glit séu í stikum.	í vinnslu	Vegagerðin
3	Gera göngustig frá Reykjahlíð fyrir þá sem eru að ganga í Grjótagjá, Jarðböðin og Bjarnarflag með því að nota gamla veginn þar sem hægt er.	í vinnslu	Vegagerðin / sveitarfélagið



Heildstæð umferðaröyggisáætlun er lykillinn

- Stuðningur sveitarstjórnar tryggir fjármagn í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar
- Gott samráð við hagsmunaaðila og íbúa
- Nýtum mannauðinn í heimabyggð
- Verkefnisstjóri haldi utan um verkefnið
- Höfum þetta einfalt og skilvirkt
- Nýtist í endurskoðun aðalskipulags
- Verndun náttúrunnar
- Mikilvæg stefnumótun gagnvart ríkisvaldinu
- Skynsamlegri ráðstöfun fjármagns

9 NÝSKÖPUN OG
UPPBYGGING



11 SJÁLFBÆRAR
BORGIR OG
SAMFÉLÖG



Fjárhagsáætlun 2020

- Aðgengi við grunnskóla og íþróttamiðstöð
- Göngu- og hjólastígur, áfangi 2
- Göngustígur sem tengir þorp við þjónustukjarna
- Gatnagerðarframkvæmdir í Reykjahtið
- Endurskoðun aðalskipulags





Takk fyrir!

